

## 10. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seyðisfjarðar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Hitaveitu Seyðisfjarðar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir misnotkun heita vatnsins.

## IV. KAFLI

## 11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Hitaveitu Seyðisfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 5. febr. 1982 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eita að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 777 24. nóvember 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps nr. 651 12. desember 1980, með síðari breytingum.**

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,25 fyrir hverja kíló-wattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 3,10 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 16,10.

Par til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan orku-notkun og vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir afnot heita vatnsins og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

- |  |            |
|--|------------|
| a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ " ..... | kr. 100,00 |
| b) fyrir mæla 1"—2" .....                      | kr. 201,10 |
| c) fyrir mæla stærri en 2" .....               | kr. 402,20 |

5. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælis-álestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 55,75.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss

(utanmál)

Heimæðargjald

Allt að 300 m<sup>3</sup> 14 789,00 kr.

300— 2 000 m<sup>3</sup> 14 789,00 kr. fyrir 300 m<sup>3</sup> + 16,12 kr/m<sup>3</sup> þar yfir.

2 000— 6 000 m<sup>3</sup> 42 178,00 kr. fyrir 2 000 m<sup>3</sup> + 13,23 kr/m<sup>3</sup> þar yfir.

6 000—10 000 m<sup>3</sup> 95 084,00 kr. fyrir 6 000 m<sup>3</sup> + 11,79 kr/m<sup>3</sup> þar yfir.

Yfir 10 000 m<sup>3</sup> 142 217,00 kr. fyrir 10 000 m<sup>3</sup> + 9,92 kr/m<sup>3</sup> þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 480,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram fyrsta.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

9. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Pegar lokað hefur verið aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 185,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld samkvæmt 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 909 stig.

Orkugjöld og mælaleiga samkvæmt 3. og 4. gr. eru miðuð við húshitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins C. 1 eða samsvarandi taxta, en hann er nú 0,33 kr/kWh auk fastagjalds.

Heimilt er að breyta ofangreindum gjöldum í samræmi við þær breytingar sem verða á vísitölu byggingarkostnaðar eða á húshitunartaxta RARIK, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miðað er við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. febr. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 15/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygening.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979, með síðari breytingum.**

### II. KAFLI

3. gr. 1. málsg. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 11,41 fyrir hvern rúm-metra vatns.

4. gr. 2. málsgrein orðist þannig:

Skal notkunargjaldið þá vera 0,24 kr/kWh. miðað við hitafall 40° C.